

Nr. 100 / 12 Dettifoss***Skipverji fær aðskotahlut í auga***

IMO.nr. 9086801
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál
Stærð: 14.664 BT
Mesta lengd: 165,60 m
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995
Fjöldi skipverja: 13

Gögn:
Slysaskýrsla frá skipi
Ljósrit úr leiðarabók
Gögn RNS



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 26. júní 2012 var Dettifoss við bryggju í Reykjavík.

Skipverji var vinna í afgaskatli í vél þegar hann fékk aðskotahlut í vinstra auga og var sendur til læknis. Hreinsað var úr auganu og varð honum ekki meint af.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var við eftirlit og leita eftir mögulegum leka á afgasbúntinu. Vegna loftþrýstings í vélarúminu myndaðist trekkur í katlinum og sötögn fór í auga skipverjans;
- að skipverjinn notaði ekki sérstök hlífðargleraugu en var með sjóngleraugu og taldi það nóg þrátt fyrir að venja væri að nota hlífðargleraugu við þessar aðstæður. Skipverjinn sagði að um klaufaskap hefði verið að ræða.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.